



STAÐREYNDIR UM RAFMAGN Á VESTFJÖRÐUM

Vestfjarðastofa

Er til nóg af rafmagni?

Helsti vandi Vestfirðinga í raforkumálum er afhendingaröryggi orkunnar en Vestfirðir eru háðir innflutningi á orku af meginflutningskerfi landsins.

Tíðar rafmagnstruflanir eru dýrar og standa bæði vexti og rekstri atvinnulífs fyrir þrifum. Til að tryggja stöðugt rafmagn er helst talað um þrjá valmöguleika:

Fleiri varaafstöðvar

Varaafstöðvar framleiða aukið rafmagn og geta komið fljótt inn þegar straumur rofnar. Þær koma þó ekki í veg fyrir flökt eða spennufall og þær ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.

Fjölgun virkjana

Fjölgun virkjana á Vestfjörðum tryggir næga raforku á umhverfisvænan hátt, án flökts eða spennufalls.

Hringtenging

Það kostar á bilinu 10-20 milljarða króna að setja upp tengivirki og nýtt flutningskerfi til að koma á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. Án öflugrar virkjunar til að standa undir þeirri framkvæmd hefur það ekki þótt raunhæfur kostur.

Hringtenging er mikilvægt öryggisatriði

Með hringtengingu er átt við að orka geti borist úr tveimur áttum en ekki einni. Verði bilun á annarri línunni berst rafmagn áfram með hinni.

Í dag kemur allt aðflutt rafmagn til Vestfjarða með einni línu, Vesturlínu. Hún er rúmlega 161 km löng, milli Hrutatungu og Mjólkárviðrunar, og liggur yfir svæði sem er bæði veðurfarslega og landfræðilega erfitt.

Gárungar kalla línuna gjarnan „Hundinn“. Bilun á henni veldur rafmagnsleysi eða truflunum á Vestfjörðum með neikvæðum afleiðingum fyrir heimili, stofnanir og fyrirtæki.



Hvað gerist við straumrof?

Þegar talað er um afhendingaröryggi eru straumleysismínútur algengasti mælikvarðinn. Fjöldi straumleysistilvika hefur þó líka mikil áhrif því hver truflun á afhendingu rafmagns veldur miklum óþægindum, þó hún vari stutt.

Óvænt straumrof getur valdið skemmdum á búnaði, ljós slökkna og víða fellur vinna niður tímabundið. Afurðir í framleiðslulínum geta skemmst og það getur tekið langan tíma að koma framleiðslunni í gang að nýju.

Heimild: Flutningskerfið á Vestfjörðum, greining á afhendingaröryggi. Skýrsla Landsnets, mars 2019.

Raundæmi úr atvinnulífinu: Skaginn 3X

„Við þurfum að kljást við spennuflokt og útslátt u.þ.b. mánaðarlega. Spennuflokt hefur valdið okkur allnokkru tjóni en við erum með viðkvæmar tölvustýrðar vélar og mikið af tölvubúnaði.“

Hluti þessara tjóna hleypur á hundruðum þúsunda og dæmi er um tjón upp á eina til tvær milljónir króna.

Þegar rafmagn slær út er það alltaf tjón fyrir fyrirtækið. Það verður a.m.k. 20-30 mínútna tóf í hvert sinn og á meðan eru flestir okkar 60 starfsmanna verkefnausir. Við þurfum þá að endurræsa vélar og hönnuðir og forritarar þurfa að vinna upp það sem ekki var vistað.

Við höfum ekki reiknað út vinnutapið en það er ljóst að það hleypur á milljónum króna á hverju ári.“

-Karl Ásgeirsson, rekstrarstjóri hjá Skaginn 3X

Afhendingaröryggi lakast

Um árabíl hefur afhendingaröryggi raforku verið lakast á Vestfjörðum. Straumleysismínútur hafa að meðaltali verið um 164 á ári síðustu 5 árin. Þeim hefur fækkað verulega með tilkomu varaafstöðvarinnar í Bolungarvík og snjallnetsins á Vestfjörðum, sem að jafnaði bregðast við um 90 sekúndum eftir að truflun á sér stað.

Heimild: Flutningskerfið á Vestfjörðum, greining á afhendingaröryggi. Skýrsla Landsnets, mars 2019.

500 tonn af dísil á ári

Vegna fyrirvaralausra bilana og viðhalds á flutningskerfi raforku á Vestfjörðum getur brennsla á dísilolíu í varaafstöðvum og olíukötlum hæglega numið 500 tonnum á ári.

Alvarleg bilun í flutningskerfi Vestfjarða, sem varir dögum saman, getur margfaldað þessa tölu.

Heimild: OV


Þróun flutningskerfis og orkuþörf

Staðfest er að aukin eftirspurn verður eftir orku á Vestfjörðum vegna fjölbreyttrar starfsemi, svo sem kalkþörungavinnslu, fiskeldis, ferðaþjónustu og fjölgunar íbúa, samhliða auknum umsvifum í atvinnulífi. Slík uppbygging er háð því að afhendingaröryggi og aðgangur að aukinni orku sé fyrir hendi.

Raforkulög gera skýra kröfu til Landsnets um að kostnaður vegna viðbóta við flutningskerfið sé greiddur á markaðslegum forsendum. **Áætlaður kostnaður vegna uppbyggingar samkeppnishæfs flutningskerfis á Vestfjörðum er 10–20 milljarðar króna.**

Atvinnustefna, sem byggir á hægfare aukningu og fjölbreyttri starfsemi, gæti greitt fyrir uppbyggingu á löngum tíma en þá þurfa stjórnvöld að veita Landsneti ábyrgð til að mæta fjármagnskostnaði vegna uppbyggingarinnar. Hugsanlegt er að stjórnvöldum sé það óheimilt af samkeppnisástæðum. Hinn kosturinn væri að finna stórkaupanda á borð við stóriðju en slíki stefnu hafa Vestfirðingar hafnað.

Veruleg aukning á raforkuframleiðslu innan Vestfjarða er því sú lausn sem getur höggvið á þennan hnútt.



- Núverandi tenging Vestfjarða við meginflutningskerfið, Vesturlína.
- Fyrirhuguð tenging milli Hvalárvirkjunar og nýs tengipunkts við Ísafjarðardjúp (nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir) og áfram að Vesturlínu í Kollafirði. Með þessari tengingu yrðu Vestfirðir sjálfbærir í orkuframleiðslu.
- Þegar Ísafjörður tengist hinum nýja tengipunkti verða norðan- og sunnanverðir Vestfirðir hringtengdir.

Tengipunktur í Djúpinu

Nýr tengipunktur við meginflutningskerfi raforku skiptir lykilmáli fyrir möguleika á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum og er forsenda aukinnar orkuframleiðslu á svæðinu.

Landsnet áætla að kostnaður við tengipunktinn verði um 5 milljarðar króna og að sú framkvæmd borgi sig upp á 40 árum.

Það hefur áhrif á afhendingaröryggið að tengja tengipunktinn við Ísafjörð en þar með væri hringtenging Vestfjarða náð.

Án Hvalárvirkjunar eru ekki taldar markaðslegar forsendur fyrir uppbyggingu á nýju tengivirki og nýju flutningskerfi raforku á vegum Landsnets til og frá Vestfjörðum.

Heimildir: Flutningskerfið á Vestfjörðum - greining á afhendingaröryggi. Skýrsla Landsnets, mars 2019 / Upplýsingafulltrúi Landsnets í viðtali á RUV

Aukin orkuvinnsla hefur jákvæð áhrif

Aukin orkuvinnsla í nágrenni Ísafjarðardjúps ásamt tengingu um tengipunkt í Ísafjarðardjúpi við Vesturlínu hefur jákvæð áhrif á öllum þeim afhendingarstöðum á Vestfjörðum sem skoðaðir voru í nýlegri greiningu Landsnets.

Hvalárvirkjun mun auka raforkuöryggi til muna þar sem hún getur mætt orkuþörf Vestfjarða þegar bilanir verða á línunni austan Kollafjarðar.


Afdráttarlaus niðurstaða Landsnets er sú að tilkoma Hvalárvirkjunar muni hafa jákvæð áhrif á afhendingaröryggið um alla Vestfirði.

Heimild: Tengipunktur við Ísafjarðardjúp og tenging Hvalárvirkjunnar, Landsnet, mars 2019.

Landsmenn jákvæðir í garð vatnsaflsvirkjana

Í könnun Gallup, sem unnin var fyrir Vestfjarðastofu í mars 2019, var mikill meirihluti aðspurðra almennt jákvæður gagnvart vatnsaflsvirkjunum, eða 70,2%.

Almennt séð hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart vatnsaflsvirkjunum?



Í sömu könnun var fólk einnig spurt hvort það teldi að fyrirhuguð Hvalárvirkjun hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum. Mikill meirihluti svaraði því til að virkjunin muni hafa jákvæð áhrif, eða 66,7%.

Heilt yfir telur þú fyrirhugaða Hvalárvirkjun hafa góð eða slæm áhrif á atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum?

